

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009, Sundstræti 45.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 4. apríl 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009, 31. október 1990.

Breytingin felst í því að landnotkun lóðarinnar við Sundstræti 45 breytist úr atvinnusvæði í svæði fyrir íbúðir, verslun og þjónustu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 4. apríl 2006.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.